LISTIR

Tónlistarskóli Hafnarfjarðar 50 ára



Tónlistarskóli Hafnarfjarðar.



Nemendur Tónlistarskólans við upptöku hljómdisks vegna afmælisins.

TÓNLISTARSKÓLI Hafnarfjarðar fagnar 50 ára afmæli sínu með viðhöfn um helgina en hann tók til starfa haustið 1950. Að sögn Gunnars Gunnarssonar skólastjóra var tímamótanna minnst með útgáfu geisladisks með hljóðfæraleik nemenda skólans fyrir jólin en í dag verður haldinn sérstakur hátíðarfundur í skólanum. Hefur bæjarstjórn Hafnarfjarðar verið boðið til fundarins ásamt skólastjórum um 20 tónlistarskóla víðs vegar af suðvesturhorninu auk ýmissa annarra velunnarra skólans. Þar mun m.a. kammersveit skipuð kennurum skólans leika fyrir gesti. Á morgun sunnudag verður efnt til hátíðardagskrár fyrir nemendur skólans og aðstandendur þeirra og hefst hún kl. 14. Að sögn Gunnars munu nemendur skólans flytja þar ein 20 tónlistaratriði og síðan verður öllum boðið til veglegrar kaffiveislu.

Tónlistarskóli Hafnarfjarðar var einn fyrsti tónlistarskólinn utan Reykjavíkur og kom í hlut Páls Kr. Pálssonar, fyrsta skólastjórans, að móta starfsemi hans og setja honum reglugerð. Skólarnir sem á eftir komu sóttu fyrirmynd í hana. Fyrstu ár skólans var áhugi bæjarbúa á tónlistarnámi lítill. Fá hljóðfæri voru til á heimilum og erfiðlega gekk að laða bæjarbúa að skólanum. Aðsókn jókst með árunum, farið var að kenna á fleiri hljóðfæri og stofnaður var forskóli fyrir yngri börn. 1954 voru keypt hljóðfæri til skólans: fiðlur, blokkflautur og ásláttarhljóðfæri. Þá og næstu ár starfaði listdansdeild við skólann.

Núverandi skólastjóri er Gunnar Gunnarsson, en hann var ráðinn 1989 og ári síðar var Helgi Bragason ráðinn yfirkennari.

Árið 1992 í september var tekin fyrsta skóflustunga að nýjum Tónlistarskóla sem rísa skyldi við Strandgötu nærri Hafnarfjarðarkirkju. Efnt var til samkeppni meðal arkitekta um hönnun skólans og varð tillaga arkitektanna Sigríðar Magnúsdóttur og Hans Olav Andersen fyrir valinu. Í ágúst 1997 var nýtt húsnæði Tónlistarskólans tekið í notkun.

„Í dag starfar Tónlistarskólinn samkvæmt námskrá sem gefin er út af menntamálaráðuneytinu. Náminu er skipt í grunnnám, miðnám og framhaldsnám. Kennt er á píanó, hljómborð, orgel, harmónikku, gítar, bassa og slagverk og eins er kennt á öll helstu strengja-, tréblásturs- og málmblásturshljóðfæri. Í skólanum er starfandi söngdeild. Í skólanum eru starfandi kammersveit, tvær strengjasveitir, þrjár lúðrasveitir, kammerkór og fjölmargir aðrir minni samspilshópar. Mjög öflugt tónleikahald fer fram í skólanum, sérstaklega fyrir jólin og á vorin, en að jafnaði eru haldnir tveir tónfundir í mánuði," segir Gunnar Gunnarsson skólastjóri.

„Tónlistarskólinn býr nú við afbragðs aðstöðu, bæði hvað varðar húsa- og hljóðfærakost, og hefur einnig afnot af Hásölum til námskeiða-, ráðstefnu- og tónleikahalds. Skólinn hefur allt hið besta að bjóða nemendum og má þar fyrst og fremst nefna vel menntaða og áhugasama kennara. Mjög öflug foreldrafélög starfa fyrir lúðra- og kammersveit skólans og vinna þau ómetanlegt starf. Í nýju húsnæði og góðri aðstöðu mun Tónlistarskóli Hafnarfjarðar eflast mjög á næstu árum og setja svip á menningarlífið í bænum," segir Gunnar að lokum.

„Galdurinn er í spunanum og samleiknum"

Himnastigatríóið heldur síðbúna útgáfutónleika í Salnum í Kópavogi á morgun, laugardag, kl. 17 og eru þeir hluti af tónleikaröð, þar sem tríóið kemur fram saman í fyrsta sinn.



Ljósmynd/Einar Falur Ingólfsson

Sigurður Flosason ásamt félögum sínum, Lennart Ginnman og Eyþóri Gunnarssyni, við upptökur á plötunni Himnastiginn.

AUK Sigurðar Flosasonar, sem leikur á altsaxófón, skipa tríóið þeir Eyþór Gunnarsson píanóleikari og danski kontrabassaleikarinn Lennart Ginman. Þeir hafa leikið mikið saman á liðnum árum, en alltaf í stærri hjómsveitum. Árið 1999 hljóðrituðu þeir hins vegar geisladiskinn Himnastigann sem tríó. Þeir halda nú röð tónleika víða um landið, en fram til þess hafði tríóið ekki komið fram á tónleikum. Himnastigatríóið lék á fyrstu tónleikunum á Akureyri í gær, en kl. 21 í kvöld mun það leika í Sindrabæ á Hornafirði. Tónleikarnir í Salnum í Kópavogi verða sem fyrr segir á morgun kl. 17 en á sunnudag mun tríóið bregða sér í Reykjanesbæ og leika í Frumleikhúsinu kl. 20.

Sigurður Flosason og Eyþór Gunnarsson hafa um árabil verið í hópi fremstu djassleikara Íslands og Lennart Ginman er sömuleiðis í hópi fremstu djasstónlistarmanna Danmerkur. Hljómdiskur tríósins naut mikilla vinsælda og seldist í stóru upplagi á mælikvarða djassplatna. „Viðtökurnar við diskinum voru frábærar og fengum við því góðan meðbyr með því sem við höfum verið að gera. Okkur hefur hins vegar ekki gefist færi á að halda útgáfutónleika, m.a. vegna anna hjá Lennart Ginman. Nú ætlum við hins vegar að halda ferna tónleika um landið og taka upp nýja plötu í kjölfarið," segir Sigurður.

Tríóið mun leika svokallaða djassstandarda og ballöður, og er þar um að ræða efni af Himnastiganum. „En þegar líða fer á tónleikaröðina munum við byrja að læða inn efni sem við erum með í reynslu fyrir upptökurnar sem farið verður í strax eftir helgina." Sigurður bætir því við að tríóið sæki fyrst og fremst í hefðarbrunn djassins, sem meðlimir gæði síðan eigin túlkun. „Tríóið gengur fyrst og fremst út á samspil, að tónlistarmennirnir hlusti hver á annan og búi þannig til músík. Þegar áherslan er á hinum músíkölsku samskiptum skiptir ekki mestu mál hvað spilað er, hvort það er gamalt eða nýtt, heldur með hverjum," segir Sigurður og bendir á að meðlimir tríósins hafi t.d. farið beint í það að taka upp tónlistina á Himnastiganum, án æfinga, og sami háttur verði að mestu leyti hafður á hvað varðar væntanlegan disk. „Það er líka mikilvægt að halda ferskleikanum í tónlistinni. Tónlistin á að vera kvik og er best þegar hún verður til á staðnum. Galdurinn er í spunanum og samleiknum."

Næsta verkefni tríósins verður svo að leika á djasshátíð í Svíþjóð í sumar. „Hvað verður í framhaldi mun síðan koma í ljós," segir Sigurður að lokum en ætla má að margir þeirra, sem líkaði geisladiskur Himnatríósins, vilji grípa tækifærið og sjá þá leika saman í Salnum á morgun.

Sýningarlok og leiðsögn

Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir

Þremur sýningum lýkur í Listasafni Reykjavíkur á sunnudag. Gullpensillinn í Listasafni Reykjavíkur – Kjarvalsstöðum, vestursal. Listamenn sem verk eiga á sýningunni eru Birgir Snæbjörn Birgisson, Daði Guðbjörnsson, Eggert Pétursson, Georg Guðni Hauksson, Hallgrímur Helgason, Helgi Þorgils Friðjónsson, Inga Þórey Jóhannsdóttir, Jóhann L. Torfason, Jón Bergmann Kjartansson, Kristín Gunnlaugsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Sigurður Árni Sigurðsson, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson og Þorri Hringsson.

Vestursalur Kjarvalsstaða verður síðan lokaður til laugardagsins 7. apríl þegar þar verður opnuð sýning á verkum Norðmannsins Odd Nerdrum. Í austursal Kjarvalsstaða stendur yfir sýning á úrvali af verkum eftir Kjarval en í fordyri gefur einnig að líta myndbandsupptöku frá ríkissjónvarpinu af viðtali sem Jón Örn Marinósson átti við Kjarval árið 1967 á vinnustofu hans að Austurstræti 12. Leiðsögn er um sýningar Kjarvalsstaða alla sunnudaga kl. 15.

Hafnarhús

Sófamálverkið og Frásagnarmálverkið í Hafnarhúsi. Sú fyrrnefnda er helguð minningu Þórarins B. Þorlákssonar, sem hélt sína fyrstu einkasýningu fyrir einni öld. Þar er skyggnst inn í stofur yfir hundrað nafntogaðra Íslendinga.

Á sýningunni Frásagnarmálverkið eru sýnd verk Errós og fimm samtíðarmanna hans sem tilheyrðu þessari hreyfingu málara, þ.e. frásagnarmálara, sem urðu mjög áberandi þegar popplistin leit dagsins ljós á sjöunda áratugnum. Aðrir listamenn sem verk eiga á sýningunni eru Valerio Adami, Peter Klasen, Jacques Monory, Hervé Télémaque og Bernard Rancillac.

Sýningarnar eru á annarri hæð Hafnarhússins en laugardaginn 31. apríl verða þar opnaðar sýningar á verkum eftir Bandaríkjamanninn John Baldessari og Bretann John Isaacs.

Á fyrstu hæð Hafnarhússins stendur yfir sýningin Heimskautsröndin unaðslegu: Arfleifð Vilhjálms Stefánssonar.

Leiðsögn er um sýningar Hafnarhússins alla sunnudaga kl. 16.

Nýlistasafnið

Sýningu fjögurra listamanna í Nýlistasafninu við Vatnsstíg lýkur á sunnudag.

Í Gryfju sýnir Steingrímur Eyfjörð innsetningu undir yfirskriftinni „Breitt ástand," ásamt níu öðrum listamönnum. Í forsal sýnir Ragna Hermannsdóttir bókverk og myndir unnar í tölvu. Á palli sýnir Finnur Arnar Arnarsson innsetningu sem saman stendur af fimm ljósmyndum og myndbandsverki og í SÚM-sal sýnir Hulda Stefánsdóttir sjö ljósmyndaverk sem unnin eru beint á veggi safnsins.

Safnið er opið alla daga nema mánudaga frá kl. 12-17.